

Íþróttafélagið Kórdrengir

Efni: Áfrýjunarbeiðni Kórdrengja.

Vísað er til beiðni um áfrýjunarleyfi frá Íþróttafélagi Kórdrengja dags. 30. júní 2022 vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 28. júní 2022. Samkvæmt e) lið greinar 16.2 skal skriflegri beiðni um að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun í undantekningartilvikum beint til formanns dómstólsins og barst beiðnin réttilega og innan tímamarka á skrifstofu KSÍ þar sem dómstóllinn hefur aðsetur. Feldís Lilja Óskarsdóttir er formaður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Beiðni Kórdrengja lýtur nánar að því að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 28. júní 2022 þar sem þjálfari Kórdrengja, Davíð Smári Lamude, var úrskurðaður í eins leiks bann vegna atviks sem átti sér stað í leik Kórdrengja og Aftureldingar í Mjólkurbikarkeppni karla þann 27. júní 2022.

Heimild til að áfrýja úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 í reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðamál. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í nánar tilgreindum undantekningartilvikum, sem skýra verður þröngt. Úrskurðum um tveggja leikja bann eða vægari refsingu vegna agabrota verður ekki skotið til dómstólsins, sbr. 16.2 a) liður. Það þarf þriggja leika bann til eða þyngri refsingu til að áfrýjun verði talin heimil. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðaði þjálfara Kórdrengja í eins leiks bann og þegar af þeirri ástæðu verður þeim úrskurði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ með vísan til greinar 16.2 a).

Í grein 16.2 e) er fjallað um heimild áfrýjunardómstóls KSÍ til að heimila áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Undantekningarnar frá meginreglunni um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum verði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 a)–d). Heimild áfrýjunardómstóls KSÍ nær til annarra úrskurða en þeirra sem þar er sérstaklega fjallað um.

Mál þjálfara Kórdrengja er um eins leiks sjálfkrafa leikbann og því verða að vera sérstakar ástæður fyrir hendi, svo og skýr lagagrundvöllur, til að heimila áfrýjun úrskurðarins. Samkvæmt grein 12.2. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál hefur brottvísun í för með sér sjálfkrafa bann í einn leik í Íslandsmóti eða bikarkeppni þegar við á. Sambærilegt ákvæði er að finna í 62. grein agareglugerðar FIFA þar sem segir að brottvísun leiði sjálfkrafa til leikbanns í a.m.k. einn leik. Af því leiðir að úrskurðarnefnd eða dómstóll geti ekki ákveðið að fella niður sjálfkrafa viðurlög en geti tekið ákvörðun um þyngingu viðurlaga. Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr. Samræmi er á milli ákvæða agareglna FIFA og reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, en í grein 5.4. síðarnefndrar reglugerðar segir að athugasemdir vegna brottvísunar sem leikmaður, þjálfari eða forráðamaður fær koma ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann. Athugasemdir geti hins vegar haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað. Það sama gildir jafnframt um

meðferð kærumála skv. 6. grein reglugerðarinnar þar sem fram kemur að meðferð kærumála fyrir aga- og úrskurðarnefnd fresti ekki lágmarks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

Í beiðni Kórdregja er það tiltekið að ávallt sé heimilt að leiðrétta augljós rangindi þannig að ómengaður leikurinn njóti alls vafa. Reglur eða skortur á reglum, sem eru þess eðlis, að bitni á leikmanni, þjálfara eða félagi skal að engu hafandi. Brottvísun Davíðs Smára grundvallast á því, samkvæmt skýrslu dómara umrædds leiks, að ekki reyndist unnt að skilgreina þann sem sýndi af sér ósæmilega hegðun og því hafi fyrrgreindur starfsmaður fengið brottvísun sem þjálfari liðs og ábyrgðarmaður liðs. Ákvörðunarvald dómara til að meta hvort ástæða sé til að beita agaviðurlögum verður rakið til 5. greinar knattspyrnulaganna. Samkvæmt 3. mgr. 5. greinar grípur dómari til aðgerða gagnvart forráðamönnum liða sem ekki haga sér með ábyrgum hætti og aðvarar þá, eða sýnir þeim gula spjaldið til áminningar eða rauða spjaldið til að vísa þeim af leikvelli og næsta umhverfi hans, þ.m.t. boðvanginum. Ef ekki reynist unnt að auðkenna hinn brotlega mun aðalþjálfari sem er á boðvanginum á þeirri stundu hljóta refsinguna. Ennfremur segir í 5. grein að úrskurðir dómars varðandi atvik leiksins, þ.m.t. hvort mark sé skorað eða ekki og úrslit leiksins, eru endanlegir. Ávallt beri að virða ákvarðanir dómars og allra hinna í dómarateyminu. Dómari getur ekki breytt úrskurði sínum um nein þau atvik sem dæmd eru eftir að leikur hefur verið flautaður á að nýju hvort heldur hefur verið vegna brots eða annarra atvika. Af því leiðir jafnframt að viðurlögum dómara sem beitt hefur verið í leik verða ekki endurskoðuð af dómstólum KSÍ nema í hreinum undantekningartilfellum.

Ekki verður talið að ákvörðun dómara um fyrrnefnda brottvísun þjálfara Kórdregja sé röng með vísan til 3. mgr. 5. greinar knattspyrnulaganna. Ákvæðið veitir dómara skýra heimild til að veita aðalþjálfara á boðvangi brottvísun vegna brotlegrar hegðunar forráðamanns á boðvangi sem ekki hefur tekist að auðkenna. Slík ákvörðun dómara er endanleg og getur dómari ekki breytt úrskurði sínum um nein þau atvik sem dæmd eru eftir að leikur hefur verið flautaður á að nýju. Brottvísun hefur í för með sér sjálfkrafa eins leiks bann samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og getur dómstóllinn því ekki komið í veg fyrir að sá sem brottvísunina fékk hljóti sjálfkrafa leikbann.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat formanns áfrýjunardómstóls KSÍ að ekki séu fyrir hendi þær sérstöku ástæður samkvæmt grein 16.2 e), né skýr lagagrundvöllur fyrir því að dómstóllinn geti heimilað áfrýjun á eins leiks sjálfkrafa leikbanni Davíðs Smára Lamude samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 28. júní 2022.

Áfrýjunarbeiðni Íþróttafélagsins Kórdregja er hafnað.

Reykjavík, 6. júlí 2022

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]